



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2024
USK23010119

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umhverfismál

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8.02.23 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 35. lið fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 11.01.23.

Flokkur fólksins leggur til að gerð verði úttekt á hvað gert hefur verið í umhverfismálum á þessu og síðasta kjörtímabili.

Nú hefur nokkurn veginn sami meirihluti verið við völd í tæp á 5 ár og spurning hvort að ekki sé rétt að fara yfir hvað gert hefur verið í umhverfismálum á þeim tíma. Gera þarf á því úttekt/samantekt. Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda tillagna í þessum málaflokki sem var öllum hafnað. Sem dæmi lagði flokkurinn til að allar nýjar bifreiðar sem borgin keypti og sem ekki krefðust þess af sérstökum ástæðum að þær gengju fyrir jarðeldsneyti væru metan eða rafbilar. Fulltrúi Flokks fólksins lagði einnig til að farið yrði í skógrækt í austur frá borginni og var þeirri tillögu einnig hafnað.

Flokkur fólksins leggur því til að meirihlutinn taki saman þó að ekki væri nema einblöðung til að segja frá hvaða stærri verkefni borgin hefur farið í síðustu 3 árin sem þeir telja að hafi gagnast borgarbúum í umhverfismálum og hvað stendur til að gera næstu 2 árin. Hvað hefur t.d. borgin keypt marga rafbíl á þeim tíma og hversu margir ganga fyrir jarðeldsneyti? Hver er áhersla á skógrækt? Hverju hafa stór verkefni skilað í umhverfismálum?

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn:

Um er að ræða tillögu sem beint er að kjörnum fulltrúum. Sviðið getur ekki svarað fyrir slíkar tillögur en bent er á heimilt er að leggja fram fyrirspurn um þau mál sem eru til meðferðar hjá sviðinu og kæmi slík fyrirspurn fram yrði henni svarað.

Árangur í umhverfismálum er tekinn saman fyrir Reykjavíkurborg á nokkra vegu. Þar ber helst að nefna áfangaskýrslur Græna plansins sem gerðar eru tvisvar á ári. Þar eru tekin saman bæði stærri og smærri verkefni sem hefur verið ráðist í eða eru á döfinni.

Þá er tekið saman loftslagsbókhald fyrir árangur í loftslagsmálum innan Reykjavíkur (sjá hlekk). Auk þess eru sjálfbærnivísar borgarinnar um Umhverfi og loftgæði aðgengilegir á vefsvæði Reykjavíkurborgar sem og samantekt t.a.m. um árangur í úrgangsmálum (sjá hlekk).



F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Vefsvæði Grænu borgarinnar: <https://reykjavik.is/graena-planid/graen-borg>

Loftslagsbókhald Reykjavíkur er aðgengilegt hér: <https://reykjavik.is/loftslagsmal>

Grænt bókhald Reykjavíkur:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-05/Gr%C3%A6nt%20bo%CC%81khal%202022.pdf>

Samantekt um sjálfbærnivísa Reykjavíkurborgar:

<https://gagnahladbord.reykjavik.is/malaflokkur/sjalfbaernivisar>

Samantekt um árangur í úrgangsmálum:

<https://gagnahladbord.reykjavik.is/malaflokkur/rusl-i-rvk>



Reykjavík